

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/29/EB

2009/EES/25/55

frá 30. maí 2007

um breytingu á tilskipun 96/8/EB að því er varðar merkingu, auglýsingu eða kynningu matvæla sem nota á sem orkusnautt megrunarfæði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/398/EBE frá 3. maí 1989 um samræmingu laga aðildarríkjanna um sérþæði ⁽¹⁾, einkum l. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽²⁾ kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2007. Hún gildir um matvæli sem á að nota í orkusnautt megrunarfæði með fyrirvara um sértækar reglur í tilskipun 96/8/EB frá 26. febrúar 1996 um matvæli sem á að nota sem orkusnautt megrunarfæði ⁽³⁾.

2) Í tilskipun 96/8/EB er kveðið á um að óheimilt sé í merkingu, auglýsingu og kynningu framleiðsluvara, sem falla undir þá tilskipun, að gefa til kynna hversu hratt eða mikið þyngdartapið kunnir að verða sé þeirra neytt eða að svengdartilfinning minnki eða tilfinning fyrir saðningu aukist.

3) Samkvæmt c-lið 1. mgr. 13. gr. í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 má, að uppfylltum sérstökum skilyrðum, setja heilsufullyrðingar á matvæli þar sem skýrt er frá því eða vísað til þess að svengdartilfinning minnkar eða að tilfinning fyrir saðningu eykst.

4) Það að leyfa fullyrðingar, sem vísa til þess að svengdartilfinning minnkar eða að tilfinning fyrir saðningu eykst, með því skilyrði að fullyrðingarnar byggji á almennt viðurkenndum, vísindalegum gögnum og séu vel skiljanlegar meðalneytanda, endurspeglar þá þróun sem orðið hefur að því er varðar úrval og eiginleika framleiðsluvara.

5) Þessi röksemdafærsla á ekki síst við um framleiðsluvörur til notkunar sem orkusnautt megrunarfæði. Því skal ekki banna notkun slíkra fullyrðinga lengur, svo fremi að skilyrðin, sem mælt er fyrir um í l. mgr. 13. gr. í reglugerð 1924/2006/EB, séu uppfyllt.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 3. mgr. 5. gr. í tilskipun 96/8/EB komi eftirfarandi:

„3. Óheimilt er í merkingum, auglýsingum og kynningum viðkomandi framleiðsluvara að gefa til kynna hversu hratt eða mikið þyngdartap kann að verða í kjölfar notkunar þeirra.“

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. nóvember 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 2007.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 139, 31.5.2007, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2007 frá 7. desember 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 26, 8.5.2008, p. 13.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 186, 30.6.1989, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9. Reglugerðin var leiðrétt með Stjtið. ESB L 12, 8.1.2007, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 55, 6.3.1996, bls. 22.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 2007.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.